

MATS- OG STARFSÁÆTLUN HÆÐARBÓLS  
SKÓLAÁRÍÐ 2018-2019



GARÐABÆR Í OKTÓBER 2018  
SIGURBORG KRISTJÁNSDÓTTIR, LEIKSKÓLASTJÓRI

## Mats og stsáætlun Hæðarbóls skólaárið 2018-2019

Starfsáætlun næsta skólaárs byggir á því að viðhalda því góða uppeldis- og menntastarfi sem verið hefur í leikskólanum síðustu ár og þróa það til betri vegar. Undirstöður þess eru eins og áður skólanámskráin okkar. Þegar við ígrunduðum starfið okkar síðasta vetur vorum við heilt yfir mjög ánægð með árangurinn og var samhljómur með upplifun okkar og því sem fram kom í viðtölum við foreldra. Helstu veikleikar að okkar mati á síðasta starfsári tók til úti- og vettvangsnáms og þátttöku foreldra á kynningarfundum um skólastarfið. Á komandi starfsári stefnum við að því að leita allra leiða til þess að efla það frekar og leita liðsinnis rýnihópa foreldra til að fá ábendingar. Miklar breytingar verða á skólastarfinu á komandi starfsári þar sem aldursblöndun verður meiri á deildum en áður. Það verða fjórir árgangar á Hofi, þ.e. börn fædd árin 2013, 2014, 2015 og 2016. Á Hlíð verða þrír árgangar og tveir á Hofi.

Matsþættir skólaársins veturinn 2018-2019 byggja fyrst og fremst á núverandi starfi, þeim þáttum í starfi okkar sem við viljum gera betur og verkefni sem við leggjum upp með á þessum skólaári, nýbreytniverkefni í þróun leikskólakennslu, sem okkur auðnaðist að fá styrk til að þróa. Við munum áfram nýta margskonar matslista til að meta uppeldis- og kennsluhætti okkar í starfinu og má þar nefna TRAS, HLJÓM-2, Námsögur, niðurstöður foreldraviðtala, símat á kennsluháttum og samskipum á deildum, niðurstöður stjórnendafunda svo nokkuð sé nefnt. Þá verða tekin viðtöl við börnin í tveimur elstu árgöngunum, gerðar kannanir meðal foreldra og starfsfólks leikskólans og leitað eftir því hvort það sé samhljómur í niðurstöðum meðal barna, kennara og foreldra um ákveðna þætti menntastarfsins. Niðurstöður geta gefið okkur veganesti og varðað leiðir að því sem við þurfum að ígrunda og gera betur í starfsháttum og skipulagi. Þá langar okkur til þess að fá álit foreldra á núverandi upplýsingamiðlun þar sem við höfðum áður miðlað upplýsingum um uppeldis- og menntastarfið í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook og fá hjá þeim ráð um hvernig við getum miðlað til þeirra upplýsingum án þess að brjóta í bága við nýju persónuverndarlögin sem sett voru í júní 2018.

Matsþáttur	Tenging við aðalnámskrá	Ánægjuviðmið	Hver/ hverjir meta	Hvenær	Matsgögn	Framsetning á niðurstöðum
1. Blöndun árganga á Hlíð og á Holti	Fjölskyldan og leikskólinn	85%	Foreldrar og kennarar	Nóvember Mars/apríl	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
2. Þátttaka foreldra á kynningarfundum um skólastarfið	Fjölskyldan og leikskólinn	80%	Foreldrar	Október	Mætingarlistar Myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
3. Tíðni viðburða í skólastarfinu sem foreldrum stendur til boða að taka þátt (morgunkaffi á Hofi, afa og pabbakaffi, mömmu- og ömmukaffi, jólaleikrit elstu barnanna, danssýningar, opið hús, útskrift, sveitaferð o.s.frv. )með þátttöku foreldra	Fjölskyldan og leikskólinn	80%	Foreldrar	Nóvember	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra Rýnihópsviðtöl með foreldrum og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
4. Upplýsingamiðlun í gegnum Karellen, t-póst, upplýsingatöflu í forstofum deilda, tíma-seðlaskráningar og föstudagspóstar	Fjölskyldan og leikskólinn	70%	Foreldrar	Nóvember	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra Rýnihópsviðtöl með foreldrum	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans

Matsþáttur	Tenging við aðalnámskrá	Ánægjuviðmið	Hver/ hverjir meta	Hvenær	Matsgögn	Framsetning á niðurstöðum
5. Úti og vettvangsnám á Hofi	Hreyfing, heilsa og velferð og samskipti	90%	Foreldrar	Nóvember	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra á Hofi og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
6. Stundatöflur barnanna	Allir grunnþættir menntunar	90%	Foreldrar og börn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
7. Íþróttakennsla samkv. tímaseðlum	Hreyfing og heilsa, velferð, samskipti og jafnrétti	90%	Foreldrar og börn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
8. Bernskulæsi samkv. tímaseðlum	Læsi og samskipti og jafnrétti	90%	Foreldrar og börn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans

Matsþáttur	Tenging við aðalnámskrá	Ánægjuviðmið	Hver/ hverjir meta	Hvenær	Matsgögn	Framsetning á niðurstöðum
9. Stærðfræði og rúmshyggja samkv. tímaseðlum	Læsi, samskipti og jafnrétti	90%	Foreldrar og börn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
10. Vísindi og skapand starf samkv. tímaseðlum	Vísindi, sköpun og menning, samskipt og lýðræði	90%	Foreldrar og börn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
11. Lífsleikni samkv. tímaseðlum	Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, jafnrétti, lýðræði	90%	Foreldrar og börn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
12. Tónmennt samkv. tímaseðlum	Sköpun og menning, læsi og vellíðan	90%	Foreldrar og börn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans

Matsþáttur	Tenging við aðalnámskrá	Ánægjuviðmið	Hver/ hverjir meta	Hvenær	Matsgögn	Framsetning á niðurstöðum
13. Spil og leikir samkv. tímaseðlum	Allir grunnþættir menntunar	90%	Foreldrar og börn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
14. Starfsánægja kennara og annarra starfsmanna í nýju náms- og kennslumhverfi í ljósi gilda og starfsmannastefnu leikskólans	Fagmennska kennara	95%	Kennarar og aðrir starfsmenn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, í ársskýrslu og á heimasíðu leikskólans
15. Matur í leikskólanum	Heilbrigði og vellíðan	90%	Foreldrar og börn	Nóvember og mars	Spurningalistar/ rafræn könnun meðal foreldra í nóvember. Rýnihópsviðtöl með foreldrum og börnum í tveimur elstu árgöngum leikskólans og myndaskráningar	Á starfsmannafundum, foreldrafundum og á heimasíðum leikskólans